

# RETT SYNDROME RANNSÓKNARSJÓÐUR GUÐRÚNAR

## Samþykktir

### 1. gr.

Heiti félagsins er Rett Syndrome Rannsóknarsjóður Guðrúnar (enska : Gudrun's Rett Syndrome Research Trust), Hjallabrekku 36, 200 Kópavogi.

### 2. gr.

Markmið félagsins er að afla fjár með eigin starfsemi eða þátttöku í öðrum félögum til að styrkja innendar og erlendar rannsóknir, fræðslu- og upplýsingamiðlun um Rett Syndrome. Þátttaka í samstarfsnetum til að efla skilning og vitund samfélagsins um sjúkdóminn og styrkja Guðrúnu Sædal Friðriksdóttur sem er með Rett Syndrome og hugsanlega þátttöku hennar í rannsóknum og meðferðum við Rett Syndrome.

Tekjum og eignum félagsins má eingöngu verja í samræmi við tilgang þess. Allur hagnaður félagsins rennur til almenningsheilla þar sem honum verður varið til þess að efla starfsemi félagsins.

### 3. gr.

Rétt á að sækja um aðild eiga allir sem hafa áhuga á að starfa að markmiðum félagsins og greiða árgjöld til félagsins. Sækja skal skriflega um félagsaðild, skilyrði er að félagar taki virkan þátt í starfsemi félagsins og félagsaðild er háð samþykki stjórnar. Árgjald er 20.000 kr, en stofngjald er 50.000 kr.

### 4. gr.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en 15. maí annað hvert ár. Til hans skal boða með auglýsingu með minnst viku fyrirvara. Tilnefningar og framboð til formanns og stjórnar skulu liggja fyrir með minnst tveggja daga fyrirvara.

Dagskrá fundarins skal vera:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins
5. Lagabreytingar, hafi tillögur borist þar að lútandi
6. Kosning stjórnar
7. Ákvörðun árgjalds
8. Önnur mál

### 5. gr.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Atkvæðisrétt hafa allir skuldlausir félagsmenn. Tilnefna skal starfsmenn í embætti stjórnar og kjósa leynilegri kosningu. Aðrar atkvæðagreiðslur skulu fara fram leynilega, ef fundarmenn óska þess. Allar fundargerðir skulu færðar í sérstaka fundargerðabók.



Árgjald félagsins skal ákveðið á aðalfundi og ákvörðun þess skal vera sérstakur liður á dagskrá fundarins. Reikningsár félagsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember.

6. gr.

Stjórn félagsins skal í upphafi skipuð tveimur félagsmönnum. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn og formaður skal kosinn á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn setur sér starfsreglur. Kjörtímabil stjórnarmanna eru tvö ár. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir eða þegar 2/3 hluti stjórnar óskar þess. Dagleg stjórn er í höndum formanns. Fimaritun félagsins er í höndum stjórnarformanns. Stjórnarformaður hefur prókúruumboð fyrir félagið.

Geti stjórnarmaður af einhverjum orsökum ekki sinnt starfi stjórnarmanns til lengdar, en ekki vegna tímabundinna forfalla, skal elsta barn viðkomandi taka við stöðu aðalmanns í stjórn félagsins til næsta aðalfundar.

7. gr.

Stjórn félagsins skal annast öll mál þess milli aðalfunda, sem eru æðsta vald félagsins. Hún skipar nefndir ef og þegar hún telur þess þörf.

8. gr.

Lagabreytingar fara aðeins fram á aðalfundi félagsins, og skulu þær hafa verið boðaðar á dagskrá fundarins. Þær skoðast samþykktar ef þær hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða. Um önnur mál ræður meirihluti atkvæða úrslitum.

9. gr.

Aðalfundur félagsins getur ákveðið að slíta félaginu, enda sé slík ákvörðun samþykkt af ¾ hlutum félagsmanna og að það sé sérstaklega tekið fram að í fundarboðinu að taka eigi slíka ákvörðun. Náist ekki næg mæting á slíkan aðalfund og ef ¾ hlutar fundarmanna samþykkja að slíta félaginu skal boða til aukaaðalfundar eins og um aðalfund væri að ræða og ástæða tilgreind í fundarboði. Á þeim fundi nægir að ¾ hlutar fundarmanna samþykki tillögu um slit félagsins til að hún nái fram að ganga.

Samþykkt á stofnfundi Rett Syndrome Rannsóknarsjóðs Guðrúnar að Hjallabrekku 36 í Kópavogi á mæðradaginn, 13. maí 2012.

